

Jónína Bjartmars, formaður heilbrigðis-og trygginganefndar Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík.

Alþingi  
Erindi nr. P 125/1615  
komudagur 18.4.2000

Reykjavík, 13. apríl, 2000.

**Efni: Umsögn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum nr.93/1994, með síðari breytingum.**

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdom:

**6.gr.**

g) Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga telur að tryggja þurfi að skipulagsbreytingar varðandi afgreiðslu undanþágulyfja verði ekki til þess að lengja afgreiðslutíma þessara lyfja. Með núverandi skipulagi er afgreiðslutími undanþágulyfja oft langur og hefur í mörgum tilvikum veruleg óþægindi fyrir sjúklinga og er einnig mjög tímafrekt fyrir heilbrigðisstarfsmenn.

**9.gr.**

g) Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga telur nauðsynlegt að auka kröfur um upplýsingagildi (gæði) sérlyfjaskráarinnar t.d. með því að bæta við upplýsingum eða leiðbeiningum um klíniska notkun lyfjanna þannig að skráin verði sambærileg við erlendar lyfjaskrár. Ennfremur telur félagið að gera þurfi kröfur um að upplýsingar í sérlyfjaskránni séu endurskoðaðar reglulega því að í henni fyrirfinnast úreltar upplýsingar.

**22.gr.**

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga telur óljóst hver sé tilgangur þess að Tryggingastofnun ríkisins fái rafrænar upplýsingar frá lyfsölum um afgreiðslu lyfja sem almannatryggingar taka þátt í að greiða. Hvernig verða þessar upplýsingar meðhöndlaðar? Á þetta við alla sjúklinga eða aðeins einstök tilfelli?

**29.gr.**

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga telur æskilegt að fulltrúi neytenda/sjúklinga sitji í nefnd þeirri sem ákveður greiðsluþátttöku sjúkratrygginga til að tryggja að fram komi önnur sjónarmið en fjárhagsleg og fagleg.

**30.gr.**

5. liður. Þar segir: "skyllt er lyfjaheildsölu að eiga nægar birgðir að mati heilbrigðisyfirvalda, af tilteknum nauðsynlegum lyfjum...."

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga vill taka fram að alltið brögð eru að því að lyfjabirgðir skorti hjá lyfjaheildsölum/innflytjendum, og hefur það oft í för með sér veruleg óþægindi fyrir sjúklinga. Þess vegna vill félagið leggja áherslu á að eftirlit með þessu verði hert.

F.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Erlín Óskarsdóttir.